

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantsólía Hafnarfirði



<b>Dags eftirlits</b>	2.4.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Atlantsólía	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Lónsbraut 2	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	590602-3610	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Albert Valur Albertsson	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarki Kristjánsson, Mannvit	<b>Staðsetning</b>	354728,781 399121,086

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var sest yfir skráningar og mælingar með fulltrúum rekstraraðila. Farið var yfir gögn vegna geyma í stöðinni, olíulagna og olíubarka á bryggju. Einnig farið yfir gögn um fráveitumælingar vegna mælinga á olíu í frárennsli. Allar mælingar sem fyrirtækið skal gera og skráningar þar um reyndust í góðu lagi.

Áætlunir sem fyrirtækið skal hafa tiltækar voru einnig ræddar, s.s. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, áætlun sem tryggir eðlilegan rekstur og viðhald búnaðar til endurheimtu bensínufu og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunaratburða. Atlantsólía skal uppfæra áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og bæta inn í skjalið upplýsingum um tæmingu og hreinsun olíuskilja og frágang og tæmingu á gufuendurnýtingarkerfi við rekstrarstöðvun.

Skýrsla Aker Solutions (AS) á gufuendurnýtingarbúnaðinum frá júní 2012 sýnir að vacuum dæla hefur einingis gengið í 84 klst á árinu þar á undan, en 1455 klst á árinu þar á undan. Fulltrúi Atlantsólíu upplýsti að tækið hafi verið stillt á „economy mode“. Engar kvartanir hafa borist Umhverfisstofnun vegna lyktar frá meðhöndlun og geymslu bensíns í stöðinni. Klukkutímamæling fulltrúa AS á styrk bensíns í útöndun tækisins sýndi að kröfum í reglugerð 252/1999 er mætt (0,56 g HC/Nm<sup>3</sup>/klst).

Skráningar í rekstrarhandbók stöðvarinnar voru skoðaðar. Tæming á olíuskiljum fór fram 18. mars sl. og voru einungis 210 kg í skiljunum eftir níu mánaða söfnun. Skráningar í rekstrarhandbók reyndust í góðu lagi.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni. Stöðin er snyrtileg, þröin tóm og skipt hefur verið um jarðveg á lóð stöðvarinnar og grasi skipt út fyrir mól. Ákveðið var að hætta að nota áfyllingarplan stöðvarinnar til þvotta á flutningabílum.

Skoðuð var aðstaða á bryggju eftir breytingar sem staðið hafa yfir. Bryggjudekk hefur verið malbikað og trékantur endurnýjaður að hluta. Þró hefur verið byggð í kringum tengingar barka og lagna á bryggjunni. Þróin skal standa opin þegar búnaður er ekki í notkun, enda flæðir upp í þróna þegar stórstreymt er. Þrýstiprófanir á börkum eru frá árinu 2010.

## ATHUGASEMDIR

### Athugasemd 1: Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar.

Við skoðun á áætlun félagsins um frágang vegna rekstrarstöðvunar sem skylt er að gera samkvæmt starfsleyfi, grein 1.5, kom fram að ekki er tekið á hreinsun á mengunarvörnum í frárennsli frá stöðinni. Því er þess óskað að inn í áætlunina sé bætt ákvæði um að olíuskilja sé tæmd og hreinsuð ef rekstur af einhverjum orsökum leggst af. Einnig að gufuendurnýtingarkerfi fyrir bensínufu sé aftengt og hreinsað af bensíni.

Reykjavík, 22.04.2013

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.